



Reykjavík, 5. apríl 2018

Niðurstaða athugunar á aukagreiðslum Landsbréfa hf. til starfsmanna

Fjármálaeftirlitið hefur haft til athugunar hvort Landsbréf hf. hafi brotið gegn 57. gr. a laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, 3. gr. reglna nr. 700/2011 og 3. gr. reglna nr. 388/2016, með því að hafa á árunum 2012-2016 greitt tilteknum starfsmönnum aukagreiðslur sem komu til viðbótar föstum launum þeirra án þess að það hafi verið gert á grundvelli kaupakakerfis.

Athugunin leiddi í ljós að á árunum 2012-2016 hefði tilteknum starfsmönnum verið greiddar aukagreiðslur sem Landsbréf hf. sögðu tengjast vinnu við stofnun nýrra sjóða, mikilli yfirvinnu, fjarveru starfsmanna og álagi í tengslum við hagræðingaraðgerðir. Ekki voru gerðir skriflegir samningar um aukagreiðslurnar heldur munu þær hafa verið handsalaðar í samtali fyrirsvarsmanns félagsins og viðkomandi starfsmanns.

Fjármálaeftirlitið byggði á því að skilgreiningar á kaupauka, sem finna má í lögum um fjármálafyrirtæki og áðurnefndum reglum, gerðu ráð fyrir því að starfskjör starfsmanna fjármálafyrirtækja féllu í annan tveggja flokka: fastra starfskjara eða kaupauka. Ekki væri um aðra flokka að ræða. Til þess að greiðslur gætu talist föst starfskjör þyrfti endanleg fjárhæð eða umfang að liggja fyrir með nákvæmum hætti fyrir fram.

Fjármálaeftirlitið taldi ljóst að aukagreiðslurnar uppfylltu ekki hugtaksskilyrði fastra starfskjara um að endanleg fjárhæð eða umfang þyrfti að liggja fyrir með nákvæmum hætti fyrir fram. Því væri um kaupauka að ræða. Þar sem Landsbréf hf. hefðu greitt út kaupauka án þess að það hefði verið gert á grundvelli kaupakakerfis hefði félagið brotið gegn 57. gr. a í lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, 3. gr. reglna nr. 700/2011 og 3. gr. reglna nr. 388/2016.

Áður en niðurstaða málsins lá fyrir höfðu Landsbréf hf. breytt fyrirkomulagi aukagreiðslna þannig að þær skyldi ákveða með skriflegum hætti fyrir fram við fyrirséð álag og aðeins greiða út ef starfsmaður yrði sannanlega fyrir auknu álagi. Þá skyldi starfskjaranefnd og innri endurskoðun félagsins vera upplýst um greiðslurnar. Í ljósi þessara úrbóta taldi Fjármálaeftirlitið ekki tilefni til að gera úrbótakröfu í málinu.

Við mat á því hvort beita skyldi viðurlögum í málinu var m.a. horft til þess að Landsbréf hf. höfðu gert líklegt að aukagreiðslurnar hefðu verið inntar af hendi vegna tímabundins álags sem starfsmenn þurftu að sæta í störfum sínum. Þá voru greiðslurnar óverulegur hluti af heildarlaunakostnaði félagsins á þeim árum sem skoðuð voru. Loks sýndu Landsbréf hf. fullan samstarfsvilja í málinu með því að leita samstarfs við Fjármálaeftirlitið um breytt fyrirkomulag aukagreiðslna. Það var því niðurstaða Fjármálaeftirlitsins að beita félagið ekki viðurlögum vegna brotsins.